

Landsmennt – menntun skapar tækifæri

Styrkir til einstaklinga vegna náms og almennra námskeiða

Félagsmenn aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands
á landsbyggðinni geta sótt um styrki til Landsmenntar
fyrir námi og námskeiðum.

Umsóknnum skal skila til viðkomandi stéttarfélags
sem sér um afgreiðslu á einstaklingsstyrkjum.



Landsmennt

Að Landsmennt standa Samtök atvinnulífsins og aðildarfélög
Starfsgreinasambands Íslands á landsbyggðinni gagnvart þeim
sem starfa hjá fyrirtækjum á almennum markaði.

www.landsmennt.is • sími 599 1450 • landsmennt@landsmennt.is

Styrkir til almennra og starfstengdra námskeiða og náms

Landsmennt styrkir m.a. starfstengt nám og námskeið, almennt nám til eininga, tungumálanámskeið, þ.m.t. íslenskunámskeið, og fleiri námskeið sem nýtast í lífi og starfi.

Sjá nánar um reglur sjóðsins á heimasíðu **www.landsmennt.is** og einnig hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Veittur er styrkur allt að kr. 130.000.- á ári en þó að hámarki 75% af kostnaði við nám/námskeið.

Ef ekki er nýttur styrkur úr sjóðnum í þrjú ár eða lengur er hægt að sækja um allt að kr. 390.000.- fyrir einu samfelldu námi (skv. síðustu breytingum á reglum sjóðsins f.o.m. 1. jan. 2020)

Landsmennt veitir einnig styrki vegna ferða-og dvalarkostnaðar í tengslum við nám/námskeið. Þegar slíkur styrkur er veittur þá dregst hann frá hámarksstyrk hverju sinni sem er kr. 130.000.- á ári.

Veittir eru styrkir til tómstundanámskeiða allt að kr. 30.000.- á ári en þó að hámarki 75% af kostnaði. Tómskundastyrkur dregst frá hámarksstyrk hverju sinni.

Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu Landsmenntar. Umsókn er skilað til viðkomandi stéttarfélags umsækjanda sem einnig veita nánari upplýsingar.

Með umsókn þarf að fylgja:

- Reikningur/kvittun frá fræðsluaðila sem er á nafni félagsmanns þar sem fram kemur nám/námskeið.
- Reikningur má ekki vera eldri en 12 mánaða gamall.
- Ekki er hægt að sækja um styrk oftar en einu sinni með sama reikningi.

Kynntu þér möguleikana á **www.landsmennt.is**